

Alþingi
Erindi nr. þ 126/2059
komudagur 25.4.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2001

Efni: Frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál.

Samtök iðnaðarins telja að fyrirbyggjandi frumvarp sé í öllum aðalatriðum til bóta og rétt sé að efla sjálfstæði Seðlabankans frá því sem nú er eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Færa má fyrir því rök að etv. hefði átt að ganga enn lengra en það verður ekki gert hér.


Það hefur komið fram að Samtök iðnaðarins telja að íslenska krónan sé orðin of dýru verði keypt fyrir íslenskt atvinnulíf og skynsamlegast væri að taka upp evru sem gjaldmiðil á Íslandi. Slíkt krefst hins vegar að öllum líkindum aðildar að Evrópusambandinu en ekki er útilokað að hægt væri að ná samningum um annað. Hvort sem af aðild að ESB verður eða samningar næðust við ESB um að Ísland tæki upp evru er nauðsynlegt að lögin um Seðlabankann veiti nauðsynlegt svigrúm fyrir samstarfi milli Seðlabanka Íslands og Evrópska seðlabankans um upptöku evrunnar hérlendis, með hvaða hætti sem það yrði.

Í þessu sambandi er sérstaklega bent á 5. gr. frumvarpsins sem tekur til einkaréttar Seðlabankans til útgáfu peninga. Þar segir að Seðlabankinn hafi heimild til að gefa út mynt eða annan gjaldmiðil sem geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða lögleggrar myntar.

Rétt væri að búa svo um hnúta í 5. gr. að Seðlabankinn gæti, að fengnu samþykki Alþingis t.d. í formi þingsályktunar, hafið útgáfu og/eða dreifingu evru sem gjaldmiðils á Íslandi skv. samningum þar um við Evrópska seðlabankann.

Að öðru leyti gera Samtök iðnaðarins ekki athugasemdir við frumvarpið.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur